



**139. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 3. nóvember, 2005, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

- 1. Erindi frá Lögmannsstofu Stefáns Ólafssonar ehf.**
- 2. Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar.**
- 3. Erindi frá stjórn Foreldrafélags Barnabæjar.**
- 4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**
- 5. Fjárhagsáætlun.**
- 6. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

- 1. Erindi frá Lögmannsstofu Stefáns Ólafssonar ehf.**
F.h. Lögmannsstofunnar gerir Stefán Ólafsson kauptilboð í skrifstofuhúsnæði sveitarfélagsins að Þverbraut 1, 180 fm skrifstofuhúsnæði, að upphæð kr. 6,5 mkr.

Bæjarstjóra er falið að fá verðmat á húsnæðið og samþykkir að ganga til viðræðna við Stefán Ólafsson um kaup á húsnæðinu.
- 2. Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar.**
Óskað er eftir afnotarétti á auglýsingaskilti við Norðurlandsveg í eigu sveitarfélagsins og samningi þar um til 10 ára.

Bæjarráð samþykkir erindið.
- 3. Erindi frá stjórn Foreldrafélags Barnabæjar.**
Sbr. erindi leikskóla- og aðstoðarleikskólustjóra sem tekið var fyrir á síðasta fundi bæjarráðs vill stjórn foreldrafélagsins styðja tillögur um vistun barna frá 6 mánaða aldri á leikskólanum. Lagt fram til kynningar.
- 4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**
Fundargerðin er frá 27. október sl. og er lögð fram til kynningar.
- 5. Fjárhagsáætlun.**
Lögð fram áætlun að vinnuferli vegna fjárhagsáætlunar sem og drög að römmum deilda. Umræður urðu um málið. Bæjarráð staðfestir og samþykkir vinnuferlið.
- 6. Önnur mál.**
 - a. Trúnaðarmál. Bókað í trúnaðarbók.**
 - b. Trúnaðarmál. Bókað í trúnaðarbók.**



- c. **Nýbygging við Efstubraut 2.** Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirrita afsal vegna eignarinnar, fastanúmer: 213-6769 og að greiðsla verði í formi aukins hlutafjár í Ámundakinn að upphæð kr. 3 m.
- d. **Innheimtumiðstöð sekta á Blönduósi.** Dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur ákveðið að vinna að því með embætti Sýslumannsins á Blönduósi, að innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á landinu verði rekin af embættinu á Blönduósi.

Bæjarráð fagnar þessum áformum ráðuneytisins að styrkja sýslumannsembættið á Blönduósi með tilflutningi verkefna. Með þessari aðgerð sýnir dóms- og kirkjumálaráðherra vilja í verki með flutningi opinberra starfa og uppbyggingu ríkisstofnana á landsbyggðinni. Bæjarráð lýsir sig reiðubúið til samstarfs við framgang verkefnisins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:25.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)